

Menningardagskrá
í Garðabæ

SEPTEMBER
OKTÓBER
NOVEMBER
DESEMBER
HAUST
2025

Skjal sótt af '000000000' dags: 24.03.2026

Hönnunarsafn Íslands á Garðatorgi 1 sýnir, skráir og rannsakar, safnar og varðveitir íslenska hönnun og listiðnað. Innihaldsríkir viðburðir fyrir börn og fjölskyldur sem og fyrirlestrar, námskeið og leiðsagnir eru á dagskrá. Í safnbúð er gott úrval af hönnunarvöru.

20. janúar 2023 – 1. mars 2026

HÖNNUNARSAFNID SEM HEIMILI

Aðalsýningarsalur

Sýning á 200 hönnunargripum úr safneigninni. Sýningin er sett upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þaðan og fjölbreytileikinn því allsráðandi. Húsgögn, borðbúnaður, fatnaður, bækur og textíll frá ólíkum tíma koma saman á sýningunni og varpa þannig ljósi á brot af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hefur skapað.

19. september – 16. nóvember

Pallurinn

Gallerí Barmur

Galleríið var stofnað árið 1996 af Tinnu Gunnarsdóttur hönnuði ásamt Sigtryggi Baldvinssyni myndlistarmanni. 25 nælur sem voru sýndar á einstaklingum eru nú sameinaðar á sýningunni á Pallinum.

1. september – 31. desember

Safnið á röngunni

Skráning á verkum Einars Þorsteins Ásgeirssonar arkitekts, hönnuðar, stærðfræðings og pælara.

19. september – 23. desember

Tinna Gunnarsdóttir vöruhönnuður

Vinnustofudvöl

Árið 2013 pakkaði Tinna niður silfur-smíðaverkstæði sínu. Aðrir hlutir tóku yfir: kennsla, doktorsnám, fjölbreytt hönnunarverkefni og ferðalög. Nú 12 árum síðar tekur hún upp verkfærin í vinnustofurými Hönnunarsafns Íslands.

September			
Sunnudagur	7. september	13.00	Stúdíó Kakkalakki leiðir fjölskyldur inn í heillandi heim bókahönnunar. Leiðbeinendur eru Joao Linneau og Fernanda Fejardo sem eru margverðlaunaðir bókahönnuðir á alþjóðavísu.
Fjölskyldusmiðja			
Miðvikudagur	10. september	12.15	Hádegishittingur með hönnuði þar sem rannsóknarverkefni um handprjón er kynnt af nemendum við LHÍ. Kaffi og kleinur í boði.
Hádegishittingur			
Föstudagur	19. september	16.00	Innflutningsboð Tinnu Gunnarsdóttur vöruhönnuðar sem dvelur í vinnustofu safnsins til jóla.
Innflutningsboð		16.00	Opnun sýningar Tinnu Gunnarsdóttur á Pallinum.
Opnun			
Sunnudagur	21. september	13.00	Johanna Seeleman sem nýverið opnaði sýningu í Skekk Gallerí við Óðinsgötu heldur fyrirlestur um verk sín. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.
Fyrirlestur			
Október			
Sunnudagur	5. október	13.00	Draumalandslag, fjölskyldusmiðja með landslagsarkitektum á vegum DLD og hönnuðum frá ÞYKJÓ. Fjölskyldur hanna sinn eigin litla landskika fyrir ímyndaðan íbúa.
Fjölskyldusmiðja			
Miðvikudagur	8. október	12.15	Hádegishittingur með hönnuðinum Tinnu Gunnarsdóttur sem segir frá hönnun sinni á skartgripum, Gallerí Barmi og fleira skrautlegu. Kaffi og kleinur í boði.
Hádegishittingur			
Sunnudagur	19. október	13.00	Leiðsögn um sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili með Sigríði Sigurjónsdóttur safnstjóra.
Leiðsögn			
Nóvember			
Sunnudagur	2. nóvember	13.00	Undraheimur fjöflötunga með vöruhönnuðinum Þórunni Árnadóttur. Fjölskyldusmiðjan er innblásin af rúmfræði-tilraunum Einars Þorsteins Ágústssonar. Hægt er að kynnst verkum EPÁ nánar í Aðalsýningarsal og í Safninu á röngunni.
Fjölskyldusmiðja			
Miðvikudagur	12. nóvember	12.15	Hádegishittingur með hönnuði. Jóhanna Ásgeirsdóttir segir frá skráningu á verkum Einars Þorsteins. Kaffi og kleinur í boði.
Hádegishittingur			
Sunnudagur	16. nóvember	13.00	Fyrirlestur um nútímaskartgripahönnun.
Fyrirlestur			
Fimmtudagur	27.–30. nóv.	13.00–17.00	Hönnunarmarkaður með verkum framúrskarandi hönnuða sem hafa verið í vinnustofudvöl í safninu undanfarin misseri. Grafísk hönnun, vöruhönnun, textílhönnun, fatahönnun, skartgripahönnun og fleira. Markaðurinn stendur til kl. 17 sunnudaginn 30. nóvember.
Hönnunarmarkaður			
Laugardagur	29. nóvember	13.00	Jólagrafíksmiðja með grafíska hönnuðinum Unu Maríu Magnúsdóttur á Aðventuhátíð. Fjölskyldur læra að gera eigin stimpil sem hægt er að nota til að prenta grafík á jólakort eða merkimiða.
Aðventuhátíð Garðabæjar			

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Desember			
	1. –24. desember		Jóladagatal Hönnunarsafnsins í glugga safnsins og á samfélagsmiðlum. Fylgist með!
Þriðjudagur Smiðja	2. desember	17.00 –19.00	Jólakortaskrif í notalegheitum. Kíkið í safnbúðina, kaupið jólakort (eða komið með), heitir drykkir og jólatónlist. Frímerki til sölu og við sjáum um að koma jólakortunum í póst.
Sunnudagur Fjölskyldusmiðja	7. desember	13.00	Piparkökutízka með ÞYKJÓ teyminu er smiðja fyrir alla fjölskylduna tengd fatahönnun. Hér eru allar tiskuteikningarnar ætar! Hönnum saman dress úr piparkökudeigi, glassúr og kökuskrauti!
Sunnudagur Fjölskyldusmiðja	28. desember	13.00 –15.00	Áramótahattagerð með H A G E Studio er orðin árviss hefð á Hönnunarsafninu. Hún er leidd af hattagerðameisturunum Önnu Gullu og Harper sem sérhæfa sig í hönnun og handverki hatta.

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA
OG MINJAGARÐURINN
Á HOFSSTÖÐUM

Saga Garðabæjar frá landnámi er rakin í glæsilegri hönnun á margmiðlunarsýningunni Aftur til Hofsstæða á Garðatorgi 7. Gagarín hannaði sýningarnar sem ætlaðar eru skóla-
hópum jafnt sem einstaklingum og fjölskyldum.

MENNINGARDAGSKRÁ
FYRIR SKÓLAHÓPA

Í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og Tónlistarskóla Garðabæjar fer fram dagskrá fyrir skólahópa. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljós og áhersla lögð á að nemendur fái að skapa, tjá sig og upplifa hönnun, bókmenntir og tónlist í sérsniðinni dagskrá.

Tónleikaröðin Tónlistarnæring er í boði menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir eru 30 mínútna langir og fara fram í sal skólans við Kirkjulund. Aðgangur ókeypis.

Miðvikudagur	3. september	12.15	Björk Nielsdóttir sópran og Matthildur Anna Gísladóttir píanó
Miðvikudagur	1. október	12.15	Benedikt Kristjánsson tenór og Mathias Halvorsen píanó
Miðvikudagur	5. nóvember	12.15	Bæjarlistamaður Garðabæjar Tinna Þorsteinsdóttir píanó
Miðvikudagur	3. desember	12.15	Voces Thules kemur í gestum í aðventustemningu

ÓPERUDAGAR

18. október 14.00

Garðabæjargala er samstarf Menningar í Garðabæ við Óperudaga. Fjórir valinkunnir óperusöngvarar flytja þekktar óperuperlur fyrir gesti á Garðatorgi 7 sem breytist í óperuhús.

SAMTAL VIÐ
NÁTTÚRUNA FYRIR
FJÖLSKYLDUR

11. október 13.00

Bæjarlistamaður Garðabæjar, Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari, býður fjölskyldum í samtali við náttúruna, hljóðgöngu við Vífilstaðavatn. Gangan hefst hjá „Pavilion“skýlinu við aðalbílastæðið og tekur 45–60 mínútur. Með Tinnu í för eru Heiða Árnadóttir söngkona og Guðrún Hrund Harðardóttir víóluleikari. Stöllurnar hafa verið með vinsælar hljóðgöngur í Elliðardalnum.

AÐVENTUTÓNLEIKAR
Í VÍDALÍNSKIRKJU

12. desember 20.00

Árlegir tónleikar þýska sendiráðsins í samstarfi við Menningu í Garðabæ, Vídalínskirkju og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Yndisleg kvöldstund sem lýkur með huggulegum veitingum, aðgangur ókeypis en tekið við frjálsum framlögum sem renna til Landsbjargar.

Bókasafn Garðabæjar er lifandi staður þar sem öll eru velkomin að koma og fræðast, miðla, hittast, upplifa, og njóta góðra stunda. Fjölbreyttur safnkostur og viðburðir eru í boði fyrir allan aldur.

- Norræni leshringurinn í boði Norræna félagsins í Garðabæ og klassíski leshringurinn starfa yfir vetrarmánuðina.

Skráning á bokasafn@gardabaer.is
- Tölvu- og tækniðstoð í boði á miðvikudögum kl. 10.00 – 11.00 í september og október.
- Boðið upp á afnot að næðisklefa, vínylskera, þrívíddarprentara og saumavél.
- Langir fimmtudagar í nóvember frá kl. 19, spennandi fræðslu-erindi og föndur fyrir fullorðna.

Vetraropnun aðalsafn Bókasafns Garðabæjar á Garðatorgi 7 er frá kl. 9.00 – 19.00 alla virka daga og alla laugardaga frá 11.00 – 15.00.



Aðalsafn Bókasafns Garðabæjar er á Garðatorgi 7 og útibú bókasafnsins, Álftanessafn, er í Álftanesskóla. Allar upplýsingar um viðburði eru á vef bókasafnsins bokasafn.gardabaer.is og á samfélagsmiðlum en dagskrá í bæklingi er ekki tæmandi.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

September			
Fimmtudagur	4. september	10.30 – 11.30	Samvera á foreldramorgni.
Foreldramorgunn			
Föstudagur	5. september	14.00 – 15.30	Legó. Pöðduhótel. Fyrir 8 ára og eldri.
Smiðja			
Laugardagur	6. september	11.15	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný fyrir börn á aldrinum 2–7 ára ásamt foreldrum.
Fjölskyldustund			
Fimmtudagur	11. september	10.00 – 12.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni á foreldramorgni.
Foreldramorgunn			
Laugardagur	13. september	12.00 – 13.00	Trölladeig fyrir alla fjölskylduna.
Fjölskyldustund			
Fimmtudagur	18. september	10.30	Sigrún Þorsteinsdóttir klínískur barnasálfræðingur og rithöfundur fræðir um matarræði ungra barna og gefur góð ráð til foreldrar og aðstandenda á foreldramorgni.
Foreldramorgunn			
Laugardagur	20. september	13.00 – 15.00	Rauðkálsgaldur með Jóhönnu Ásgeirsdóttur myndlistamanni. Fjölskyldusmiðja þar sem sulað verður með vökva sem skiptir um lit og málað með galdramálningu.
Fjölskyldustund			
Mánudagur	22. september	10.00 – 15.00	Föndur og bió á skipulagsdegi grunnskóla Garðabæjar.
Fjör í frium			
Miðvikudagur	24. september	19.00 – 21.00	Prjónapartí Garðapróns í samstarfi með Norræna félagið í Garðabæ. Boðið uppá prjónakennslu þar sem gestir læra að prjóna finnska lestarsokka fyrir börn.
Garðaprójón			
Fimmtudagur	25. september	10.30 – 11.00	Krílasöngur með Þórönnu Gunný. Samverustund með tónlist og leik fyrir yngstu krílin og foreldra þeirra á foreldramorgni.
Foreldramorgunn			
Föstudagur	26. september	14.00 – 15.30	Legó. Flóttinn úr kastalaturnum. Fyrir 8 ára og eldri.
Smiðja			

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.03 2026

Október			
Miðvikudagur Garðaprhjón	1. október	19.00—21.00	Prjónum saman finnska lestarsokka. Kennsla á staðnum, öll velkomin í Garðaprhjón.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	2. október	10.30—11.30	Samvera og leikur á foreldramorgni.
Laugardagur Fjölskyldustund	4. október	11.15—12.00	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný fyrir 2—7 ára krakka með foreldrum.
Miðvikudagur Garðaprhjón	8. október	10.30	Garðaprhjón heldur áfram að leiðbeina við prjón á finnskum lestarsokkum.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	9. október	10.30—11.30	Samvera á foreldramorgni.
Laugardagur Fjölskyldustund	11. október	12.00—13.00	Tilraunastofa bókasafnsins fyrir alla krakka.
Miðvikudagur Garðaprhjón	15. október	19.00—21.00	Garðaprhjón og finnsku lestarsokkarnir taka á sig mynd.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	16. október	10.30	Fyrstu skrefin, fræðandi fyrirlestur með Hrafnhildi Helgadóttur hjúkrunarfræðingi fyrir nýbakaða og/eða verðandi foreldra á foreldramorgni.
Laugardagur Minecraft	18. október	11.30—14.30	Minecraft: rafrásir, þátttakendur læra að sjálfvirknivæða sína Minecraft heima með því að beita rökhugsun og sköpun, fyrir 8—12 ára. Takmarkað pláss og skráning nauðsynleg á bokasafn@gardabaer.is.
Mánudagur Fjölskyldustund	20. október	18.00—18.30	Náttfatasögustund með Rósu. Ljuf sögustund fyrir 2—8 ára börn sem ættu helst að mæta í náttfötum og með uppáhalds bangsann sinn.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	23. október	10.00—12.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni á foreldramorgni.
Laugardagur Fjölskyldustund	25. október	12.00—14.00	Hrekkjavökuball, fyrstu 100 gestirnir í búningum fá gjafapoka.
Mánudagur Bangsadagur	27. október	10.00—17.00	Alþjóðlegi bangsadagurinn haldinn hátíðlegur.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	30. október	10.30—11.00	Kríasöngur með Þórönnu Gunný.
Nóvember			
Laugardagur Fjölskyldustund	1. nóvember	11.15	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný fyrir 2—7 ára krakka og foreldra.
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	6. nóvember	10.30—11.30 19.00	Samvera á foreldramorgni. Langir fimmtudagar. Spennandi erindi um málefni líðandi stundar, nánar auglýst síðar.
Föstudagur Fjör í fríum	7. nóvember	10.00—17.00	Föndur og bió á skipulagsdegi grunnskóla Garðabæjar.
BÓKASAFN GARDABÆJAR		DAGSKRÁ	

Laugardagur Fjölskyldustund	8. nóvember	12.00—14.00	Styrkjum böndin á baráttudegi gegn einelti.
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	13. nóvember	10.00—12.00 19.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni á foreldramorgni. Langir fimmtudagar. Jólábókaspjall bókasafnsins. Árlegur viðburður með heitustu höfundunum og ljúfum veitingum.
Laugardagur Fjölskyldustund	15. nóvember	13.00	Jólábókaspjall barna- og ungmenna.
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	20. nóvember	10.30 19.00	Skyndihjálp fyrir ung börn með Hrafnhildi Helgadóttur hjúkrunarfræðingi á foreldramorgni. Langir fimmtudagar: Jólaföndur fyrir fullorðna. Vínglös skreytt, léttar veitingar, aldurstakmark 20 ára og skráning nauðsynleg á bokasafn@gardabaer.is
Laugardagur Fjölskyldustund	22. nóvember	13.00—15.00	Ilmandi kanilstangir, hrjúfir könglar, dúnmjúkir ullarhnoðrar og kræklóttar greinar. Ó!Rói er skapandi smiðja með hönnunarteyminu Þykjó, fyrir 4 ára og eldri í fylgd fullorðinna.
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	27. nóvember	10.30—11.00 19.00	Kríasöngur með Þórönnu Gunný á foreldramorgni. Langir fimmtudagar: Jólin árið 1919 í torfbænum á Smyrlabergi. Björk Bjarnadóttir þjóðfræðingur ferðast aftur í tímann, segir þjóðsögur og frá undirbúningi jólanna fyrir um 100 árum síðan.
Laugardagur Aðventuhátíð Garðabæjar	29. nóvember	13.00 15.00	Jólaföndur í Svítunni. Jólaleikrit sem kemur á óvart.
Desember			
Mánudagur Fjölskyldustund	1. desember	18.00—18.30	Jólanáttfatasögustund með Rósu fyrir 2—8 ára börn sem hvött eru til að mæta í náttfötum og með bangsa.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	4. desember	10.30—11.30	Samvera á foreldramorgni.
Laugardagur Fjölskyldustund	6. desember	11.15	Sögur og söngur í jólaskapi með Þórönnu Gunný.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	11. desember	10.00—12.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni á foreldramorgni.
Laugardagur Fjölskyldustund	13. desember	12.00—14.00	Jólaföndur fyrir alla fjölskylduna.
Fimmtudagur Afmæli	18. desember	18.00	Afmælisveisla Bókasafns Garðabæjar, dagskrá auglýst síðar.
Laugardagur Fjölskyldustund	20. desember	11.00—15.00	Jólaró. Létt föndur á borðum, smákökur og huggulegheit.
BÓKASAFN GARDABÆJAR		DAGSKRÁ	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.03 2026

Skemmtilegar og fjölbreyttar föndurstundir alla fimmtudaga kl. 15.00 – 17.00

Laugardagur Fjölskyldustund	6. september	13.00 – 14.30	Árstíðaverur. Diljá Hvannberg Gagu, höfundur, og Linn Janssen, myndhöfundur bókarinnar Árstíðaverur leiða listasmiðju. Á meðan að skapað er úr laufum, blómum, snjókornum og greinum er lesið upp úr bókinni.
Laugardagur Fjölskyldustund	4. október	12.00 – 13.00	Fjölskyldujóga með Halldóru Mark. Áhersla á leikgleði en einnig slökun. Nauðsynlegt er að koma með eigin jógaðýnur.
Laugardagur Fjölskyldustund	1. nóvember	12.00 – 14.00	Lestrardrekinn okkar, föndurstund fyrir alla fjölskylduna.
Laugardagur Fjölskyldustund	6. desember	12.00 – 14.00	Jólaró. Jólafundur, jólasögur, smákökur og huggulegheit.

Vetraropnunartími Álftanessafns er mánudaga til fimmtudaga kl. 14.00 – 18.00 og fyrsta laugardag hvers mánaðar kl. 12.00 – 15.00.

ÁLFTANESSAFN

POP-UP MARKAÐUR

Pop-up markaður á göngugötunni Garðatorgi
4. október, 1. nóvember og 29. nóvember.

ICELAND NOIR Í GARÐABÆ

12. nóvember 20.00

Spennandi höfundar fjalla um bækur sínar
í Sveinatungu. Liður í bókmenntahátíðinni
sem fjallar um myrkrið á ýmsan máta.

AÐVENTUHÁTÍÐ GARÐABÆJAR

29. nóvember 13.00 – 16.00

Upphafi aðventu fagnað með fjölskyldu-
skemmtun. Jólasveinar á sveimi, skapandi
smiðja í Hönnunarsafni Íslands, skemmtun á
Bókasafni Garðabæjar, markaður og tónlist
á göngugötunni, jólaball á Garðatorgi 7 og
Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar leikur
syrpu í lok dags við jólatréð.